

Sjálfstæðisflokkurinn telur megintakmark utanríkisstefnu Íslands vera að standa vörð um fullveldi þjóðarinnar, treysta stöðu hennar, öryggi og velsæld, með því að efla frjálsræði í viðskiptum, tryggja varnir landsins og nýta á alla lund þau tækifæri sem felast í vaxandi alþjóðlegu samstarfi, bæði innan vébanda fjölþjóðasamtaka og við einstök ríki. Leggja ber áherslu á samstöðu og víðtækt samstarf við aðrar lýðræðisþjóðir er vinna að friði og frelsi, mannúð og mannréttindum svo og hvers kyns bættum lífsskilyrðum þjóða heims á grundvelli alþjóðalaga.

Frjáls utanríkisverslun

Frjálsræði í viðskiptum og öflug utanríkisverslun er forsenda aukinnar atvinnusköpunar og hagsældar á Íslandi til framtíðar. Því telur Sjálfstæðisflokkurinn mikilvægt að halda áfram baráttunni fyrir sem víðtækustu viðskiptafrelsi og afnámi viðskiptahindrana. Tollalöggjöf ber að einfalda og halda tollum í lágmarki, reglur um erlendar fjárfestingar eiga að fela í sér hvata til eflingar og nýsköpunar í atvinnulífi og taka þarf gjaldmiðlamál þjóðarinnar til yfirvegaðrar endurskoðunar. Gjaldyrishöft hamla verðmætasköpun og framþróun í landinu og er forgangsmál að afnema þau.

Mikilvægt er að rækta gott samband og hagkvæm viðskipti Íslands við sem flest ríki heims, m.a. með því að fjölga fríverslunarsamningum við ríki Ameríku og Asíu, ýmist í samvinnu við aðildarríki EFTA eða tvíhliða. Fyrirhugaðar eru viðræður um fríverslunarsamning milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Ljóst er að slíkur samningur getur skapað grunn að miklum tækifærum í alþjóðaviðskiptum. Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að leitað verði allra leiða til þess að Ísland og önnur EFTA ríki komi strax að samningaborðinu með það að markmiði að verja hagsmuni Íslands.

Landsfundur hvetur stjórnvöld til þess að beita sér fyrir því að ekki verði innheimtir tollar af vörum frá ríkjum sem Ísland á fríverslunarsamninga við, þegar umskipun í höfnum Evrópusambandsins á sér stað.

Alþjóðleg samvinna

Norrænt samstarf er einn mikilvægasti þátturinn í samvinnu Íslendinga við aðrar þjóðir og ber að leggja stöðuga rækt við þessa margvíslegu og traustu samvinnu frændþjóðanna, þar á meðal við Færeyjar og Grænland. Fagna ber samvinnu Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum en það samstarf er sögulegt skref og mikilvægt mál fyrir þau og aðra.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra samtaka og stofnana ber að tala máli þjóðarinnar af einurð og taka þátt í að ryðja braut málefnum friðar, umbóta og framfara, sem unnið er að á alþjóðavettvangi. Mannréttindabrot eru aldrei réttlætanagerleg né afsakanleg. Styðja ber viðleitni til fækkunar gereyðingarvopna og þá æskilegu stefnu að þjóðir heims leitist við að tryggja öryggi sitt með sem minnstum vopnabúnaði jafnframt því sem barátta gegn hungri, sjúkdómum og fátækt verði eflað.

Forsendur jákvæðrar efnahagsþróunar og bættra kjara íbúa fátækustu ríkja heims eru aukin utanríkisviðskipti. Sjálfstæðisflokkurinn telur að stefna beri að því á heimsvísu að draga úr

viðskiptahindrunum á vörur frá fátækustu ríkjum heims til þess að stuðla að aukinni hagsæld þessara ríkja.

Sjálfstæðisflokkurinn styður tveggja ríkja lausn á deilunni milli Ísraels og Palestínu sem með stuðningi og skilgreindum viðmiðum alþjóðasamfélagsins geti leitt til raunverulegs og varanlegs friðar á svæðinu.

Evrópa er eitt mikilvægasta markaðs- og menningarsvæði Íslands og því nauðsynlegt að tryggja áfram opinn og frjálsan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins svo sem gert er á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Nýta ber þau margvíslegu tækifæri sem samningurinn veitir til að fylgja eftir hagsmunum Íslands gagnvart öðrum ríkjum Evrópu. Landsfundur telur að hagsmunum Íslands sé betur borgið með því að standa fyrir utan Evrópusambandið.

Áréttað er að aðildarviðræðum við ESB verði hætt og þær ekki teknar upp aftur nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Landsfundurinn mótmælir íhlutun sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi í stjórn málaumræðu þjóðarinnar og telur óhæfu að stækkunardeild ESB haldi úti starfsemi hér þar sem lagst er á sveif með einu stjórn málaafli gegn öðrum. Evrópusambandinu verði gert að loka kynningarskrifstofu þess hér.

Þrátt fyrir ágalla Schengen-samstarfsins eru kostir þess fleiri og því ber að halda samstarfinu áfram til að treysta öryggi innan svæðisins og vinna að auknu tilliti til sérstöðu Íslands sem eyríkis. Landsfundur áréttar að mikilvægt sé að spyrna fótum við íþyngjandi regluverki innan EES.

Utanríkisþjónustan sinnir ábyrgðarmiklu hlutverki við að tryggja hagsmuni Íslendinga og koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri á alþjóðavettvangi á tímum sívaxandi samstarfs þjóða. Starf hennar verður að vera öflugt og markvisst. Bágg staða ríkissjóðs kallar hins vegar á að fundnar verði leiðir til að skera niður af skynsemd útgjöld ríkisins til utanríkismála og forgangsraða á því sviði, t.d. með því að efla samstarf Norðurlandanna við rekstur sendiráða.

Hagsmunir á norðurslóðum

Huga ber vandlega að norðurslóðum í meðferð utanríkismála landsins. Nýjar skipaleiðir og nýting auðlinda á þessu svæði fela í sér möguleika til að styrkja og fjölga undirstöðum efnahagsafkomu þjóðarinnar þegar fram í sækir, bæði með atvinnuþróun í landinu og þjónustu við starfsemi í grennd þess. Hinar nýju aðstæður skapa einnig aukna hættu af margvíslegum toga ásamt nýjum úrlausnarefnum. Þrenns konar öryggi er einkum mikilvægt að sinna í þessu samhengi, hernaðarlegu, umhverfislegu og öryggi sjómanna og farþega.

Sjálfstæðisflokkurinn telur grundvallaratriði að skipting hafsvæða og nýting auðlinda á norðurskautssvæðinu verði í samræmi við Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og að Norðurskautsráðið verði áfram sá vettvangur þar sem aðildarríkin vinna að sameiginlegum

málum sem varða norðurslóðir. Einnig er mikilvægt að deilumál verði leyst á friðsamlegan hátt og spornað við hernaðarlegri uppbyggingu á svæðinu. Umhverfi norðurslóða er afar viðkvæmt og þess vegna verður nýting auðlinda og flutningur afurða ávallt að taka tillit til umhverfisins og lúta viðurkenndum öryggiskröfum og sjálfbærni. Efla ber björgunarsamstarf sem þegar er til og koma í formlegt horf, t.d. með því að stofna alþjóðlega öryggisstöð á Íslandi sem getur sinnt björgunarstarfi og tryggt umhverfisöryggi.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur nú sem fyrr ríka áherslu á að gætt verði ytrustu hagsmuna landsins í fiskveiði- og landgrunnsmálum, þar á meðal að þjóðinni verði tryggð sanngjörn hlutdeild í deilistofnum. Fylgst verði grannt með breytingum á sjávarlífi af völdum loftslagsþróunar og brugðist af framsýni við hvers kyns áhrifum þeirrar þróunar í heild á hagsmunum þjóðarinnar.

Öryggis- og varnarmál

Sjálfstæðisflokkurinn telur að varnir landsins séu best tryggðar á þeim tvíþætta grundvelli sem felst í aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. NATO er varnarbandalag og því eiga breytingar á starfsemi bandalagsins til að takast á við nýjar ógnir ávallt að taka mið af því. Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að varnarsamstarfi við Bandaríkin sé hagað þannig að varnir landsins séu ávallt í samræmi við þarfir þess, þ.m.t. loftrýmisgæsla, sameiginleg flugbjörgunarsveit og reglubundnar liðsæfingar er tryggi að sveitir sem ætlað er að koma landinu til varnar þekki staðhætti vel.

Að mati Sjálfstæðisflokksins var óráð að leggja niður Varnarmálastofnun án þess að endurskoða frá grunni stjórnýslu varnar- og öryggismála í landinu. Skipulag og hlutverk stjórnkerfis á því sviði þarf að afmarka betur með lögum og aðgreina frá almennum verkefnum og valdheimildum lögreglu og landhelgisgæslu.

Sýna ber fulla árvekni og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn alþjóðlegum hættum, s.s. hvers kyns hryðjuverkastarfsemi, ofbeldi öfgahópa, mansali, eiturlyfjasmygli og peningabætti. Náið samstarf skal hafa í þessum efnum við aðrar þjóðir, m.a. með eflingu samvinnu á vettvangi Schengen, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, sameiginlegs ráðs NATO og Rússlands, svo og Evrópuráðsins. Mikilvægt er að í slíkum aðgerðum sé ávallt gætt meðalhófs og mannréttindi höfð í hávegum.

Landsfundur áréttar að full ástæða sé til að Íslendingar kanni grundvöll þess að sækja rétt sinn gagnvart Bretum vegna beitingar hryðjuverkakalaganna haustið 2008 sem verulega skaðaði íslenska hagsmuni.